

- 18** 1. d. Í stað »skal greiða 6 krónur« komi, skal greiða 8 krónur, og í stað »2 krónur fyrir
13. febr. hvern dag«, komi 10 krónur fyrir hvern dag.
1. e. Í stað »1 króna í hvert sian«, komi 5 krónur í hvert sinn.

B. Vörugjald.

- a. Í stað »40 aura af smálest«, komi 80 aura af smálest.
b. Í stað »60 aura af hverjum 100 teningsfetum«, komi 1 króna af hverjum 100 teningsfetum.
c. Í stað »75 aura af smálest«, komi kr. 1.50 af hverri smálest. —
d. Í stað »25 aura af smálest«, komi 75 aura af smálest, og í stað »40 aura«, komi 1 kr., og í stað »65 aura af smálest hverri«, komi kr. 1.50 af smálest hverri.
Í stað »þó skal lægsta gjald aldrei vera minna en 12 aurar«, komi, þó skal lægsta gjald aldrei vera minna en 35 aurar.

VII. Almenn ákvæði.

Óbreytt. — Verður VIII.

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi.

Í stjórnarráði Íslands, 13. febrúar 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

19
10. mars

Samþykkt

um lokunartíma sölubúða í Akureyrarkaupstað.

1. gr.

Allar sölubúðir kaupmanna í Akureyrarkaupstað, að undanskildum þeim sölubúðum sem eingöngu versla með brauð og mjólk, skulu vera lokaðar eftir því, sem ákveðið er í 2. og 4. grein.

2. gr.

Sölubúðir skulu ekki opnaðar fyrir en kl. 9 árdegis, og á tímabilinu frá 20. júlí til 20. september, að báðum dögum meðtöldum, má ekki opna þær á mánudögum fyrir en kl. 12 á hádegl. —

3. gr.

19

Frá 1. janúar til 31. maí og frá 1. nóvember til 30. des. skal öllum sölubúðum lokað 10. mars
alla virka daga ekki síðar en kl. 7 að kvöldi og mánuðina júní til október skal þeim lokað
ekki síðar en kl. 8 síðdegis.

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal öllum sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síð-
degis. — Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að hafa sölubúðir opnar til kl.
11 síðdegis.

4. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta, 17. júní og 1. desember mega engar sölu-
búðir vera opnar.

5. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á strætum og torgum eða annars-
staðar utan sölubúða kaupmanna, nema úr sjálf-sölum nokkurn þann varning, sem ekki má
selja nema samkvæmt verslunarleyfi. Heimilt er þó að selja einnig á þeim tíma kol, salt,
veiðarfæri og skipsforða handa skipum, og sömuleiðis er leyfilegt að taka á móti innlendum
vörum aðkomumanna í geymsluhúsum kaupmanna.

6. gr.

Mennt, sem komnir eru inn í verslun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir
að lokað er.

7. gr.

Brot gegu samþykkt þessari varða sektum, 20—500 kr., og renna sektirnar í bæjar-
sjóð. Mál út af brotum gegu samþykkt þessari skal reka sem almenn lögglumál.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefir samið, staðfestist hjermeð samkvæmt
lögum nr. 79, 14. nóvember 1917, sbr. lög nr. 9, 2. ágúst 1918, til að öðlast gildi 15. mars 1919.

Í stjórnarráði Íslands, 10. mars 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.